við álagningu opinberra gjalda á árinu 1962. Gilda ákvæði hennar einnig um innheimtu eftirstöðva einstakra gjalda, er þá kunna að vera ógreidd, að svo miklu leyti, sem Gjaldheimtunni verður falið að innheimta slíkar eftirstöðvar.

Fjármálaráðuneytið, 14. ágúst 1962.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Kristján Thorlacius.

Nr. 96. 24. maí.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 79 27. maí 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl.

1. gr.

Síðari málsgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þegar um innflutning frílistavöru gegn gjaldfresti er að ræða, ber innflytjanda, áður en varan er send af stað frá útlöndum, að gera viðskiptabanka grein fyrir væntanlegum innflutningi og semja um greiðslufyrirkomulag vörunnar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., öðlast gildi 1. júní 1962.

Viðskiptamálaráðuneytið, 24. maí 1962.

Gylfi Þ. Gíslason.

Oddur Guðjónsson.

Nr. 97. 18. júní.

AUGLÝSING

um sérstakar varúðarráðstafanir í sambandi við notkun eiturefna við úðun trjágarða.

1. gr.

Allir þeir, er nota eitruð efni til úðunar á trjágörðum, skulu gæta fyllstu varúðar í meðferð slíkra efna. Skal þeim skylt að festa upp á áberandi stað við hvern garð, sem úðaður er, prentaðar leiðbeiningar með nauðsynlegum varúðarreglum. Jafnframt skal öllum íbúum viðkomandi húss gert viðvart áður en úðun hefst, svo og íbúum aðliggjandi húsa.

2. gr.

Um brot gegn ákvæðum auglýsingar þessarar fer eftir 11. gr. laga nr. 24 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.